

# Reglur um veiðipróf fyrir retriever hunda

REGLURNAR GILDA FYRIR: CHESAPEAKE BAY RETRIEVER, CURLY-COATED RETRIEVER, FLAT-COATED RETRIEVER, GOLDEN RETRIEVER, LABRADOR RETRIEVER OG NOVA SCOTIA DUCK TOLLING RETRIEVER

## 1. MARKMIÐ

1.1. Markmið með prófi fyrir retriever hunda eru:

- að kanna og skrá hæfileika hundsins sem sækis og hvernig hann vinnur við veiðar.
- að gefa upplýsingar sem nýtast við ræktun.
- að efla veiðimenningu og virðingu fyrir veiðum með hundum.
- að efla og styrkja veiðihundapjálfun.

Prófin skulu vera sem líkust raunverulegum veiðum, þar sem sportlegar hefðir eru í fyrirrúmi.

## 2. SKIPULAG

2.1. Almennt.

Retrieverdeild getur, með samþykki stjórnar HRFÍ, skipulagt veiðihundapróf. Stjórn deildarinnar og veiðinefnd sjá um framkvæmd prófsins.

2.2. Umsóknir.

Umsókn, ásamt kostnaðaráætlun skal senda til stjórnar HRFÍ miðað skal við að umsókn hafi borist tveimur mánuðum áður en prófið skal haldið, HRFÍ getur tekið umsókn til afgreiðslu með styttri fyrirvara í undantekningar tilfellum

Upplýsingar um dómara skulu liggja fyrir við samþykkt kostnaðaráætlunar, ef breytingar verði á skal miðað við að dómara séu klárir við opnun fyrir skráningu.

2.3. Prófstjórn.

Framkvæmdaraðili prófsins skal útnefna prófstjóra.

Starf prófstjóra skal skilgreint í Handbók fyrir prófstjóra retrieverprófa. Prófstjóri og fulltrúi HRFÍ skulu ávallt vera viðstaddir prófið. Vandamál eða vafatilfelli sem upp koma, eru leyst af ofantöldum aðilum eftir því sem við á og reglur eru um. Prófstjóri og fulltrúi HRFÍ geta hvor á sínu sviði, hvenær sem er, haft afskipti af prófinu ef þeir telja það nauðsynlegt. Þó geta þeir ekki haft áhrif á umsagnir eða vinnutilhögun dómara.

Prófstjóri skal í samvinnu við dómara ákveða hæfilega erfitt svæði fyrir prófið, dómari og/eða prófstjóri setja upp prófið, uppsetning skal alltaf vera samþykkt af dómara

Starfsmenn prófsins skulu starfa saman samkvæmt fyrirmælum prófstjóra og dómara og þannig að dagskrá raskist ekki.

Prófstjóri skal sjá um útgáfu á prófskrá í samræmi við vinnulag Retrieverdeildar, bætist hundar við á seinni stigum er nægjanlegt að geta þeirra og gefa þeim númer við setningu prófs. Ekki er nauðsynlegt að prófskrá sé útprentuð, hún getur eins verið á rafrænu formi á heimasíðu deildarinnar eða öðrum vetvangi sem er opin öllum aðilum prófsins.

Prófstjóri skal draga röðun þátttakenda. Dregið skal á prófstað fyrir próf og ef hjálparhundar eru í OFL og ÚFL-b eru þeir með í drættinum.

Æskilegt er að prófstjóri sé ekki þáttakandi í prófi, ef hann er þáttakandi er nauðsynlegt að tilnefna annan virkan prófstjóra í þeim flokki sem skráður prófstjóri tekur þátt í og skal það koma fram í kynningu við setningu prófs og skulu dómari og fulltrúi HRFÍ vera upplýstir um málið og kynntir fyrir virkum prófstjóra í viðkomandi flokkum. Sama á við ef hundur í eigu prófstjóra er skráður í próf með öðrum stjórnanda.

Þátttakendur skulu fara í einu og öllu að óskum dómara og prófstjóra.

Óski þátttakandi að hætta þátttöku, skal hann tilkynna það dómara eða prófstjóra.

2.4. Fulltrúi HRFÍ.

Stjórn HRFÍ útnefni, eða felur stjórn retrieverdeildar að útnefna fulltrúa HRFÍ, sem er æðstráðandi varðandi túlkun á reglum. Hann skal vera með gild dómararéttindi eða samþykktur af stjórn HRFÍ sem fulltrúi við prófið

Fulltrúi HRFÍ má ekki vera prófstjóri, né þátttakandi. Dæmi fleiri en einn dómari prófið má einn þeirra vera fulltrúi HRFÍ og skal það tilkynnt eigi síðar en í upphafi prófs hver gegnir því hlutverki. Fulltrúi HRFÍ skal strax að prófi loknu yfirfara og stemma af umsagnir dómara og úrslit og gæta að því, að dómari hafi staðfest umsagnirnar með undirskrift sinni, sé fulltrúi jafnframt dómari, hefur annar dómari hlutverk fulltrúa gagnvart umsögnum og úrslitum þess dómara sem er fulltrúi HRFÍ. Skráður fulltrúi HRFÍ skal senda stjórn HRFÍ skýrslu um prófið innan 4 vikna frá prófi.

## 2.5. Prófgögn.

Prófstjóri skal senda stjórn HRFÍ innan 4 vikna frá prófi:

- úrslit í tveimur eintökum.
- frumrit af umsögn.

Eitt eintak af umsögn dómara sendist til retrieverdeildar.

## 2.6. Prófi aflýst.

Prófstjóri, í samráði við fulltrúa HRFÍ, getur aflýst, frestað eða stöðvað próf, ef hann telur óforsvaranlegt að halda prófið eða halda því áfram.

Þegar prófi er aflýst eða frestað, skal tilkynna það stjórn HRFÍ og retrieverdeildar skriflega.

## 2.7. Viðurkenning á umsögnum og árangri.

Fulltrúi HRFÍ tekur ákvörðun um, að prófi loknu, hvort það telst gilt.

Niðurstöður samþykktara veiðiprófa skal skrá hjá HRFÍ jafnhliða öðrum upplýsingum um ættbókarfærða hunda.

# 3. ÞÁTTTAKA

## 3.1. Hundar.

Aðeins Retrieverhundar sem ættbókarfærðir eru hjá HRFÍ, eða öðru félagi innan FCI hafa rétt til þátttöku og verða eigendur þeirra og stjórnendur að vera félagar í HRFÍ, eða öðru félagi innan FCI

Sýnilega veikir eða árásargjarnir hundar, svo og lóðatíkur, miðað skal við að liðnir séu 21 dagur frá því að tíkin byrjaði að lóða, eigandi er ábyrgur fyrir því að tíkin sé hætt að lóða sbr.gr 3.5, tíkur sem eiga eftir 30 daga eða minna í got, eða hafa gotið fyrir 60 dögum eða minna mega ekki taka þátt. Að öðru leyti gilda sömu skilyrði og um ræktunarsýningar HRFÍ.

Á prófsvæði mega ekki aðrir hundar vera en þeir sem taka þátt í prófi. Prófstjóri getur þó veitt undanþágu frá þessu ef dómari telur þörf á því.

Ekki er heimilt að hafa ól á hundi í prófi, nema með leyfi dómara, skal taumur vera í vasa stjórnanda meðan hundur er í prófi.

Hundur getur aðeins verið skráður í einn flokk í hverju prófi.

## 3.2. Eigandi/stjórnandi hunds.

Rétt til þátttöku hafa þeir félagar sem siðanefnd HRFÍ hefur ekki áður svipt þeim rétti.

## 3.3. Skráning.

Allar skráningar eru bindandi og skulu skráðar samkvæmt reglum Retrieverdeildar hverju sinni.

Upplýsingar um þátttakendur eru birtar jafnóðum á vefsíðu deildarinnar ef því verður viðkomið.

Upplýsingar við skráningu eru á ábyrgð eiganda hunds.

Skráningartími skal uppgefinn við auglýsingu á prófi, bæði hvenær opnar fyrir skráningu og hvenær henni lýkur. Prófstjóri getur ákveðið að breyta fresti sé ástæða til.

Ef próf er ekki fullbókað er prófstjóra heimilt að taka hund inn gegn uppfylltum skilyrðum og greiðslu prófgjalds, það skal þó gert áður en próf hefst og tilkynnt við setningu prófs.

Sama á við ef er biðlisti og það fellur síðan út hundur, þá má prófstjóri ákveða að taka inn hund af biðlista gegn uppfylltum skilyrðum og skal það frágengið áður en próf hefst og tilkynnt við setningu prófs.

### 3.4. Skráningargjald.

Skráningargjaldið skal greiðast við skráningu.

Skráningargjald er aðeins endurgreitt ef:

- skráning er ekki tekin gild
- prófið er ekki haldið
- hundur er slasaður eða veikur, hægt er að óska eftirvottorði frá dýralækni, innan 5 daga frá prófi
- tók lóðar, sbr. þó gr. 3.5.
- ef fulltrúi HRFÍ úrskurðar svo sbr. gr.9.2.
- ef stjórnandi hunds er veikur, hægt er að óska eftir vottorði frá lækni, innan 5 daga frá prófi.

### 3.5. Frávísun frá prófi.

Lóðatíkum og árásargjörnum hundum skal vísað frá prófi. Sama á við, hafi rangar upplýsingar verið gefnar við skráningu.

Þátttökugjald endurgreiðist ekki í slíkum tilfellum.

Eigendur hunda sem mæta ekki á tilsettum tíma á prófstað fá þátttökugjald ekki endurgreitt.

### 3.6. Lyfjanotkun.

Bannað er að gefa hundinum lyf sem örva, róa, deyfa verki, hafa áhrif á eðlisfar eða lunderni eða á einhvern hátt getur haft áhrif á árangur eða getu hundsins.

### 3.7. Ábyrgð.

Eigandi og sá sem er skráður stjórnandi hunds á skráningarblaði eru ábyrgir fyrir þeim skaða sem hundurinn kann að valda á prófstað. Allir hundar skulu hafðir í taumi á meðan þeir eru ekki í prófi.

## 4. DÓMARAR

### 4.1. Tilnefning á dómara.

Prófhaldari tilnefnir dómara og ákveður hvort dómara skuli vera einn eða fleiri og skal þess getið í umsókn til stjórnar HRFÍ. Ef aðsókn er mikil er heimilt að bæta við dómara.

### 4.2. Skyldur dómara.

Dómari skal:

- fara yfir og kynna sér prófsvæðið og sjá til þess að gengið sé um það með bráð og hunda.
- útskýra fyrir þátttakendum áður en próf hefst, hvernig það gengur fyrir sig, afmörkun prófsvæðis, hvernig megi aðstoða hunda í prófi, fara yfir öryggisreglur varðandi notkun skotvopna ef það á við og brýna fyrir þátttakendum ábyrgð þeirra.
- dæma og skrá umsögn, þar sem fram kemur rökstudd niðurstaða um hvern einstakan hund.
- útskýra fyrir viðkomandi þátttakanda umsögnina og framgang prófsins.
- afhenda prófstjóra á sérstöku eyðublaði, undirritaða umsögn áður en prófi lýkur.
- afhenda þátttakendum afrit af umsögn áður en prófi lýkur.

Mjög áriðandi er að dómari skrái dómarnúmer sitt á umsagnarblaðið.

Dómari getur, ef aðstæður krefjast, óskað eftir að fá aðstoð á prófstað við að rita umsagnir, æskilegt er að óskin komi fram fyrir prófdag. Dómara og dómaraþegar mega ekki dæma eigin hunda og heldur ekki taka þátt í prófi sama dag og þeir eru virkir sem dómara eða dómaraþegar. Hvorki dómara né heimilsfólk þeirra mega eiga eða stjórna hundi sem er í prófi í þeim flokki sem þeir starfa við. Hafi dómari eða heimilsfólk þeirra átt, haldið eða þjálfað hund persónulega, má þessi hundur ekki taka þátt í flokki sem viðkomandi er starfandi við fyrir en að 6 mánuðum liðnum.

## 5. FLOKKASKIPTING

### 5.1. Byrjendaflokkur (BFL):

Í BFL eru hundar 9 mánaða og eldri, sem ekki hafa tekið þátt í OFL eða ÚFL. Hundur getur farið upp um flokk eftir að hafa fengið 1. einkunn einu sinni í BFL.

### 5.2. Opinn flokkur (OFL):

Í OFL eru hundar sem eru 20 mánaða á prófdegi eða eldri og hafa fengið 1. einkunn í BFL. Hafi þeir fengið tvær 1. einkunnir í BFL geta þeir farið beint upp í OFL fyrir 20 mánaða aldur. Hundur sem hefur fengið 1. einkunn tvisvar sinnum í OFL getur farið í ÚFL-B.

### 5.3. Úrvalsflokkur-B (ÚFL-B):

Í ÚFL-B eru hundar sem hafa náð 1. einkunn í OFL tvisvar sinnum. Hundur sem einu sinni hefur verið skráður í ÚFL, verður ekki skráður á annan hátt eftir það.

### 5.4. Úrvalsflokkur-A (ÚFL-A):

Í ÚFL-A eru hundar sem hafa náð 1. einkunn í ÚFL-B, innan 12 mánaða áður en A-próf er haldið.

## 6. REGLUR FYRIR EINSTAKA FLOKKA

### 6.1. BFL:

Hafa skal a.m.k. fjórar sóknir á fremur sléttu og þægilega yfirfögnu landi og tvær sóknir í djúpt vatn. Skjóta skal a.m.k. þremur skotum í prófi fyrir hvern hund.

Engum skotum skal hleypt af á meðan hundur er í vinnu.

Nota skal léttu bráð, t.d. lunda, álku, önd eða lítinn máf.

Haga skal prófi þannig að hægt sé að dæma staðsetningu, stýringu hunds í samræmi við kröfur í flokknunum svo og sjálfstæða vinnu.

Ekki er leyfilegt að hafa hund í taumi í prófi og skal hann ganga við hæl án þess að stjórnandi þurfi sífellt að minna hundinn á. Í BFL er krafist að lágmarki 10 metra hælögngu og skal umsögn skráð á dómablað.

### 6.2. OFL:

Leitast skal við að hafa prófsvæði sem líkast náttúrulegri veiðislóð, bæði land og vatn.

Hafa skal minnst sex sóknir, þar af a.m.k. tvær í vatni.

Skjóta skal a.m.k. þremur skotum yfir hvern hund í prófi, en hundurinn skal vera laus þegar skotið er.

Nota má þyngri bráð en í BFL, t.d. gæs eða skarf.

Haga skal prófi þannig að hægt sé að dæma: staðsetningu, stýringu hunds svo og sjálfstæða vinnu.

Í þessum flokki er lagt mat á heiðrun á vinnu annarra hunda, því skulu að minnsta kosti 2 hundar vera á upphafsreit, mest mega vera 4 hundar á upphafsreit. Þeir skulu samt ekki látnir vinna saman.

Í OFL er krafist að lágmarki 20 metra hælögngu og skal umsögn skráð á dómablað. 6.3. ÚFL-B:

Leitast skal við að hafa prófsvæði sem líkast náttúrulegri veiðislóð, en þó má umhverfi vera erfiðara yfirferðar en í OFL.

Sóknir skulu vera minnst sjö og æskilegt að minnsta kosti ein í eða yfir vatn.

Sóknir skulu vera lengri en í OFL.

Öll sóknarvinna, leitarvinna og staðsetning skal vera mun erfiðari en í OFL.

Í ÚFL-B er æskilegt að hundur sækji blint í eða yfir vatn og verði fyrir ýmsum truflunum við vinnu, t.d. þannig að bráð er látin falla rétt við hann í miðri sókn og skoti hleypt af og hundurinn látinn sækja bráð innan um gervifugla.

Þess krafist að hundar heiðri vinnu hvers annars.

Í ÚFL-B er krafist að lágmarki 30 metra hægöngu og skal umsögn skráð á dómablað.

Á B-prófi skulu hundarnir sækja kalda bráð sem er í góðu ásigkomulagi. Bráðina má frysta, en hún skal vera vel þiðin fyrir prófið. (Í ÚFL-B er heimilt í undantekningartilfellum að nota „dummy“ ef ekki er val á fuglum eða fuglar hafa skemmt í prófi. Nota skal nýleg og óskemmd striga-dummy 450-550 g að þyngd og skal sami háttur hafður á fyrir alla hunda í flokknum.)

Bráðinni er kastað fyrir hundinn bæði á landi og í vatn. Einnig skal hundurinn leita að fuglum sem hann hefur ekki séð falla. Þegar fugli er kastað, skal hleypt af skoti í sömu átt og kastað er. Skothvellur og útkast á fugli getur átt sér stað á meðan hundurinn er að vinna.

#### 6.4

Komi upp aðstæður þar sem ekki er hægt að prófa í vatni er heimilt að sækja um til HRFÍ leyfi fyrir prófi án vatns í öllum flokkum.

Próf án vatns eru metin eins og önnur próf og einkunnir jafngildar, utan þess að til að fara upp um flokk er nauðsynlegt að taka hefðbundið próf með vatni og hljóta 1.einkunn. Fyrir árstítil má að hámarki vera eitt próf með 1.einkunn án vatns í BFL og OFL. Til að hljóta rétt á umsókn um íslenskan meistara þarf að fá einkunn á hefðbundnu prófi þar sem prófað er í vatni í OFL.

Þegar ekki er viðkomið að prófa í vatni þarf að geta þess í auglýsingu. 6.5. ÚFL-A:

A-próf (raunpróf) er skipulagt sem veiðiferð. Lágmarkspáttaka eru tveir hundar. Dómarar skulu ávallt vera tveir. Dómarar geta mest dæmt sex hunda á dag. Lágmarksfjöldi fugla skal felldur. Minnst tvær sóknir þarf til þess að hundur geti staðist prófið.

#### 6.6. Úrslitakeppni.

Ef fleiri en einn hópur er í hverjum flokki, geta dómarar efnt til úrslitakeppni með því að velja bestu hundana í hverjum flokki og láta þá keppa innbyrðis. Tveir eða fleiri dómarar geta dæmt þá úrslitakeppni. Ef úrslitakeppni skal fara fram, skal það tilkynnt áður en próf hefst og er þá farið eftir flokkareglum. Einkunnir hunda skulu liggja fyrir áður en úrslitakeppni hefst.

## 7. UMSAGNIR DÓMARA

### 7.1. Prófsefni.

Dæma skal hæfni og vilja hunds til sóknar, bæði á landi og í vatni, á dauðri bráð. Eftirfarandi skal dæma sérstaklega hjá hverjum hundi fyrir sig:

- frjáls leit
- hraði
- úthald
- þefvísi
- fjarlægðarstjórnun
- staðsetning
- stöðugleiki
- sóknarvilji
- meðferð á bráð

- sundhæfni og vinnuvilji í vatni
- almenn hegðun
- samstarfsvilji
- hælginga

Þegar dómari telur sig hafa séð nóg til að geta dæmt hund getur hann stöðvað prófið þótt ekki sé búið að sækja alla bráð.

## 7.2. Frjáls leit.

Frjálsa leitin skal vera þannig að hundurinn leitar svæðið ákveðið og skipulega. Sé þess óskað, skal hundurinn leita ákveðið svæði. Hundur skal vera rólegur í nálægð lifandi, ósærðs fugls. Óákveðinn hundur dæmist niður. Ófullnægjandi sóknir geta orðið til þess að dómari stöðvar prófið. Hundur sem leitar með bráð í kjafti dæmist niður.

## 7.3. Úthald og hraði.

Hundur skal vinna með góðum hraða án þess þó að hæfileikinn til þess að staðsetja bráð fari forgörðum. Hundur sem þreytist fljótt dæmist niður vegna úthaldsleysis.

## 7.4. Þefvísí.

Þefvís hundur notar vindátt við leit þannig að hann fer skipulega yfir leitarsvæðið og hleypur nánast beint að bráð eftir að lykt af henni hefur slegið fyrir vit hans. Hundur skal geta rakið slóð á markvissan hátt. Hundur sem fer yfir sýnilega bráð án þess að taka eftir henni, dæmist niður.

## 7.5. Fjarlægðarstjórnun.

Hundurinn á að hafa athygli á stjórnanda sínum og hlýða fljótt og örugglega skipunum sem honum eru gefnar, þrátt fyrir fjarlægð, bæði á landi og í vatni.

Í BFL skal sókn vera án hindrana, vegalengd og yfirborð vera í samræmi við flokkinn.

Hundur sem hlýðir ekki endurteknum skipunum, dæmist niður, og má dómari jafnvel stöðva prófið. Fugl skal koma heim í öllum flokkum

## 7.6. Staðsetning.

Hundur skal geta staðsett og munað hvar einn eða fleiri fuglar falla og vera fljótur til að sækja eftir skipun. Skilyrði er að hundurinn hafi góða yfirsýn yfir svæðið þar sem fuglinn fellur. Hleypa skal af skoti og haglabyssu beint í þá átt sem fuglinum er kastað. Séu bráðir fleiri en ein skal gæta þess að gott bil sé á milli fugla. Sæki hundurinn ekki, getur dómari stöðvað prófið. Ef hundurinn hefur augljóslega ekki staðsett bráð og leitar á röngum stöðum til að byrja með, dæmist hann niður fyrir það, þó svo að hann finni bráðina að lokum.

## 7.7. Stöðugleiki.

Þegar skoti er hleypt af, á hundurinn að vera rólegur og kyrr á sínum stað.

Ef skotið er á meðan hundurinn er í vinnu, skal hann ótruflaður ljúka sínu verki.

Hundur sem sýnir lítinn stöðugleika er dæmdur niður fyrir það.

Rjúki hundur af stað áður en skipun er gefin eða sýni mikla skothræðslu getur dómari stöðvað prófið og dæmt hundinn úr prófi.

## 7.8. Sóknarvilji.

Hundur á, án ítrekaðra skipana, að sækja bráð með hraða og öryggi.

Alvarlegra brot er ef hann skiptir á bráðum í sókn.

Áhugi, hraði og einbeitni hundsins sýna sóknarvilja hans.

Ef þvinga þarf hund til þess að sækja, eða ef hann hefur ekki nokkurn áhuga á því, getur dómari stöðvað prófið og dæmt hundinn úr prófi. Í vafatilfellum skal ákvörðunin byggjast á fleiri en einu atriði.

## 7.9. Meðferð á bráð.

Ekki má sjá á bráð eftir að hundur hefur sótt hana. Hann skal halda bráðinni vel í kjaftinum þannig að hann missi hana ekki og að hún hindri ekki eðlilegar hreyfingar hans.

Þegar hundur hefur fundið bráð, á hann að skila henni beint til stjórnanda.

Dómari getur athugað bráð eftir að hundur skilar henni til stjórnanda.

Ef hundur tyggur fugl eða fer illa með hann á annan hátt getur dómari stöðvað prófið.

Brjóti hundur fugl dæmist hann úr prófi.

#### 7.10. Sundhæfni og vinnuvilji í vatni.

Vel syndur hundur sem fer viljugur í vatn og syndir með ákafa, þrátt fyrir gróður og aðrar hindranir, sýnir góða sundhæfni.

Vatnshræddur hundur sem varla eða ekki fæst út í vatn dæmist niður og má jafnvel dæma úr prófi.

#### 7.11. Almenn hegðun.

Hundur má ekki sýna árásarhneigð í prófi.

Hundur skal ekki láta aðra hunda hafa áhrif á sig í prófi. Hundur má ekki gelta eða væla í prófi.

Ef hundur sýnir eitthvert af ofantöldum atriðum dæmist hann niður og má jafnvel dæma úr prófi.

#### 7.12. Samstarfsvilji.

Vilji til þess að vinna með stjórnanda og vinnuvilji hundsins er grunnur þess að hægt sé að dæma hundinn. Einnig er metið hversu auðveldlega hundur lætur að stjórn og eiginleikar hans sem "sækis" við mismunandi aðstæður.

#### 7.13. Stöðvun á prófi.

Atriði sem veita dómara rétt til þess að stöðva frekari þátttöku hunds í prófi:

- algerlega ófullnægjandi sóknir
- ef hundur lætur ekki að stjórn
- skothræðsla
- ef hundur fer illa með bráð
- ef hundur fer ekki út í vatn
- ef hundur sýnir árásgirni

Dómari stöðvar ekki próf nema að vel athuguðu máli.

Ef dómari stöðvar próf skal hann vísa í eitthvað af ofantöldum atriðum og skýra það út fyrir þátttakanda.

## 8. EINKUNNAGJÖF

### 8.1.

Árangur hunds skal skráður eftir einkunnagjöf, einnig ef hundur hlýtur 0 einkunn.

Til þess að hundur hljóti annað hvort 1. eða 2. einkunn þarf hann að ljúka prófi.

### 8.2. Byrjendaflokkur (BFL).

Í þessum flokk skal umfram allt dæma vinnu- og sóknarvilja hundsins.

Smávægileg mistök hundsins dæmast ekki hart:

- 1. einkunn: hundurinn þarf að fara í gegnum allt prófið, sýna góða samvinnu, mjög góðan vinnuvilja, mikla sóknargleði og ekki gera nein stór mistök.
- 2. einkunn: hundurinn þarf að fara í gegnum allt prófið, sýna góðan vinnuvilja og sóknargleði, en litið er fram hjá smávægilegum mistökum.
- 3. einkunn: Hundur sem sýnir vinnuvilja og sóknaráhuga, en má þó gera einhver mistök sem mætti rekja til ungs aldurs, þó svo að hann klári ekki allt prófið.

### 8.3. Opinn flokkur (OFL).

Í þessum flokki eru gerðar frekari kröfur um hlýðni, stöðugleika og einbeitingu við hæl og á pósti.

- 1. einkunn: hundur sem fer í gegnum allt prófið af öryggi og leysir verkefnið svo til fullkomlega og þannig að dómara sýnist að þar fari góður veiðisækir.
- 2. einkunn: hundurinn þarf að hafa sýnt góða vinnu og mikinn áhuga.
- 3. einkunn: hundur sem fer í gegnum allt prófið þokkalega vel. Þrátt fyrir nokkur mistök á ekki að útiloka hann frá einkunnagjöf.

#### 8.4. Úrvalsflokkur B (ÚFL-B).

Í úrvalsflokki B á að gera miklar kröfur til vinnu hundsins og hlýðni.

- 1. einkunn: hundurinn þarf að fara í gegnum allt prófið á framúrskarandi hátt og leysa öll verkefni fullkomlega rétt og að dómari álíti viðkomandi hund frábæran veiðisækir.
- 2. einkunn: hundurinn þarf að hafa farið í gegnum allt prófið, sýnt ágæta vinnu og leyst öll verkefni svo til villulaust.
- 3. einkunn: hundurinn þarf að fara í gegnum allt prófið, sýna góða vinnu og leysa öll verkefni án stórra mistaka.

8.4.1. Stigagjöf í ÚFL-B, Ef stigagjöf er beitt þarf að tilkynna það þegar dagskrá prófa er kynnt. Miðað er við að raða þá í fjögur efstu sætin.

Ef ÚFL-B próf er sett upp á nokkrum póstum getur dómari gefið allt að 20 stig á hverjum þeirra:  
0 stig – fellur úr prófi

1-5 stig – mjög óöruggur hundur, ófullnægjandi árangur og verkefnið leysist ekki.

6-10 stig – óörugg vinna og hundurinn fær aðstoð við að leysa verkefnið.

11-15 stig – góð vinna þar sem hundurinn leysir verkefnið, minniháttar mistök leyfð.

16-20 stig – sannfærandi frammistaða þar sem hundur og stjórnandi vinna vel saman. Verkefnið leysast gallalaust og hundurinn sýnir frumkvæði og veiðskilning.

#### 8.5. Heiðursverðlaun (HV):

- í öllum flokkum geta hundar hlotið HV ef þeir framkvæma vinnuna afgerandi vel.

#### 8.6. ÚFL-A (Raunpróf).

##### 8.6.1. Þátttakendur

Hundar sem hafa hlotið að minnsta kosti eina 1. einkunn í ÚFL-B, innan 12 mánaða áður en A-próf er haldið

Prófstjóri getur sett viðmið á fjölda hunda og þarf þá að tilkynna það áður en að skráningu kemur. Ef skráning er umfram þann fjölda sem prófstjóri hefur ákveðið þá eru hundar sem eru veiðimeistarar (ISFTCH) með forgang.

##### 8.6.2. Framkvæmd prófs

Prófið fer fram á venjubundnum veiðilendum þar sem sóknir á heitri bráð koma til. Prófið getur verið færanlegt og fer fram á fyrirfram uppgefðu dagabili innan veiðitímabils. Minnst tveir hundar skulu taka þátt í prófi, ef aðeins er prófaður einn hundur þarf hjálparhund. Alltaf skal vera til staðar auka hundur til að sjá um eftirleit ef hundar í prófi finna ekki bráð. Stjórnandi er ekki skytta á veiðum.

##### 8.6.3. Dómar og einkunnir:

Í ÚFL-A er ekki gefin einkunn, heldur stenst hundur eða fellur. Til að standast prófið þarf hundurinn að sýna vinnu sem er verðug góðum veiðisækir.

Hann skal vinna við mismunandi aðstæður, hann þarf að geta unnið vel með öðrum hundum og vera augljós ávinningur fyrir veiðimanninn við veiðarnar.

Við mat skal leggja áherslu á heildarmyndina.

## 9. FRAMKOMA Á PRÓFSTAÐ

### 9.1. Almenn.

Þátttakendur sem og áhorfendur skulu í einu og öllu fara eftir gildandi reglum og koma fram af fyllstu



kurteisi við aðra á prófstað.

Bannað er að aga hund harkalega í prófi.

Notkun á gaddakeðjum og rafmagnsólum er bönnuð í prófi.

9.2. Kvartanir. Þátttakandi skal fara eftir leiðbeiningum dómara. Ekki má gagnrýna eða kvarta yfir ákvörðunum dómara varðandi dóm eða einkunn.

Þátttakandi sem að öðru leyti telur sig hafa orðið fyrir skaða vegna, brots á reglum, eða framkvæmd prófsins getur áður en prófi lýkur, lagt fram skriflega kvörtun til prófstjóra, sem ásamt fulltrúa HRFÍ tekur kvörtunina fyrir á staðnum. Ef fulltrúi HRFÍ samþykkir efnisatriði kvörtunar skal hundurinn prófaður á ný, ef mögulegt er. Annars skal umsögnin felld úr gildi, og prófgjald endurgreitt.

Ef fulltrúi HRFÍ hafnar kvörtuninni má áfrýja til stjórnar HRFÍ innan einnar viku. Áfrýjunargjald, ákveðið af HRFÍ, skal fylgja með. Gjaldið fæst endurgreitt ef kvörtun er tekin gild.

9.3. Viðurlög.

Brot á reglum getur þýtt aðvörun og/eða brottvísun af prófsvæði.

Prófstjóri og dómara hafa vald til að vísa þátttakendum frá prófi, hafi þeir brotið gegn þessum reglum og brotið alvarlegt. Skila skal skýrslu um málið innan viku til Retrieverdeildar HRFÍ.

Vegna brottvísunar af svæði endurgreiðist ekki þáttökugjald.

## **10. UN DANTEKNINGAR**

Stjórn HRFÍ getur, við sérstakar aðstæður, gert undantekningar frá reglum þessum.

*Reglur uppfærðar mars 2024*

*Reglur tóku gildi 1.apríl 2019*